

Hagstjórnin skiptir sköpum fyrir komandi kynslóðir til þess að halda uppi líf skjörum og atvinnu, til að halda verðlagi stöðugu, vaxtastigi hóflegu og skuldum hins opinbera innan skynsamlegra marka. Allir verða að taka höndum saman við hagstjórn landsins. Fjárreiður ríkisins eru einn mikilvægasti þátturinn í því verkefni. Seðlabanki og aðilar vinnumarkaðar eru einnig í lykilhlutverki, en viðhorf landsmanna skipta hér mestu máli.

Hallarekstur íslenska ríkisins undanfarin ár er áhyggjuefni og skuldastaða ríkissjóðs er nú orðin sú versta í langan tíma. Viðvarandi hallarekstur á ríkissjóði er óásættanlegur.

Vegferðin undanfarin ár er sem hér segir:

- Árið 2007 var hrein staða ríkissjóðs jákvæð um 47 milljarða króna og var handbært fé og kröfur ríkissjóðs því hærri en sem nam heildarskuldum.
- Hrun íslensku krónunnar og bankakerfisins varð til þess að hrein staða ríkissjóðs breyttist verulega og í árslok 2008 var hún komin í 198 milljarða króna í mínus eða sem nam 11% af vergri landsframleiðslu.
- Undir stjórn vinstri manna hafa skuldir ríkissjóðs aukist hratt og námu hreinar skuldir ríkissjóðs 735 milljörðum í lok ársins 2011. Aukning skulda samsvarar 15 milljörðum króna á mánuði yfir þriggja ára tímabil.
- Brýnt er að ríkissjóði verði snúið nú þegar af braut hallareksturs og skuldasöfnunar og að hreinar skuldir lækki að krónutölu á hverju ári þar til hrein staða ríkissjóðs er orðin jákvæð aftur.

Fjárhagsregla bundin í lög

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að formleg fjárhagsregla verði lögbundin og að efnisinnihald hennar snúi að útgjalda- og skuldastýringu sem hér segir með það að markmiði að uppfylla Maastricht skilyrðin á næstu 7 árum:

- Ef heildarskuldir ríkissjóðs fara yfir ákveðið hlutfall af landsframleiðslu verði óheimilt að hækka útgjöld á milli ára og óheimilt að reka ríkissjóð með halla.
- Ef útgjöld ríkis og sveitarfélaga verða samtals hærri en tiltekið hlutfall af vergri landsframleiðslu verði ríkissjóður að draga úr umsvifum sínum. Óheimilt verði að hækka útgjöld ríkissjóðs á milli ára við þessar aðstæður.
- Útgjöld ríkissjóðs vaxi ekki á milli ára umfram meðalhagvöxt undangenginna 10 ára auk 2,5% verðlagsbreytinga.
- Einungis verði heimilt að víkja frá þessum reglum með stuðningi 2/3 hluta atkvæða við samþykkt fjárlaga.

Styrkari tók á fjárreiðum ríkisins

Sjálfstæðisflokkurinn telur nauðsynlegt að framkvæmd fjárlaga verði færð í traustari farveg en verið hefur þannig að heildarútgjöld samkvæmt ríkisreikningi verði aldrei hærri en fjárlög heimila. Ekki er ásættanlegt að framkvæmdavaldið eyði umfram fjárlög eða að lögbundin útgjöld séu umfram fjárheimildir. Leggja verður af þann ósið að samþykkja aukningu útgjalda

í fjáraulögum og auka þannig heildarútgjöld ríkisins. Eina ásættanlega notkun fjáraulaga er að flytja útgjaldaheimildir á milli málaflokka eða einstakra útgjaldaliða. Lagt er til að 33. grein fjárreiðulaga um óvænt útgjöld ríkissjóðs verði afnumin. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um það í fjárreiðulögum að fjárlög gangi framur kröfum annarra laga sem leggja forstöðumönnum ríkisstofnana skyldur á herðar. Forstöðumenn stofnana skulu ekki sóttir til saka fyrir að sinna ekki lögbundnum verkum sínum eftir að fjárveitingar hvers fjárlagaárs eru uppnar.

Gerð er sú krafa til Alþingis að með hverju nýju frumvarpi til laga fylgi greinargerð og rekstraráætlun til fimm ára. Þá ber að tryggja að lög sem kalla á ný fjárútlát taki ekki gildi á yfirstandandi fjárlagaári heldur á því næsta, þar sem er gert ráð fyrir útgjöldunum.

Valdheimildir til fjárlaganefndar

Sjálfstæðisflokkurinn telur eðlilegt að framvegis verði meiri aga beitt við meðferð fjármuna ríkisins. Forstöðumenn stofnana sem eyða fjármunum umfram fjárlög verða taldir brotlegir við starfsskyldur sínar.

Ábyrgðir og skuldbindingar

Í fjárlögum skal koma skýrt fram hverjar heildar skuldbindingar og ábyrgðir ríkisins eru á hverjum tíma færðar til núvirðis. Óheimilt er að skuldbinda ríkið með ábyrgðum, lánsloforðum, lántökum eða öðrum samningum án heimilda í fjárlögum. Allar ábyrgðir og skuldbindingar skulu bundnar í fjárlög.

Ábyrgð ríkisins vegna lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hefur vaxið gríðarlega undanfarið ár og er nú áætluð á milli 5-600 milljarðar króna. Ávinnsla lífeyrisréttinda verði samræmd hjá launþegum og skal þeirri vinnu lokið á næsta kjörtímabili. Stefnt skal að því til framtíðar að ábyrgð hins opinbera á lífeyrisréttindum í LSS og LSR verði afnumin.

Nauðsynlegt er að endurskoða hlutverk og starfsemi Íbúðarlánasjóðs á næsta kjörtímabili með hliðsjón af ríkisábyrgð.

Áherslur á næsta kjörtímabili

Sjálfstæðisflokkurinn ítrekar mikilvægi þess að tryggja ábyrga stjórn ríkisfjármála og standa vörð um lífsgæði þjóðarinnar í bráð og lengd. Íslendingar, með auðlindir sínar, hafa allar forsendur til að búa við sambærileg eða betri kjör en þjóðir í Vestur Evrópu. Ein af forsendum þess er að efla einkaframtakið. Það er söguleg staðreynd að verði hlutdeild ríkisins í þjóðarframleiðslunni of há leiðir það til heftingar á framtakssemi og svartrar atvinnustarfsemi. Kjarni Sjálfstæðisstefnunnar felur í sér svigrúm fyrir hvern og einn til sjálfshjálpar og það svigrúm verður ekki virt ef hið opinbera er of frekt til fjárins.

Hlutfall af vergri landsframleiðslu Ártal	EU 15 2000	EU 15 2005	EU 15 2010	Ísland 2000	Ísland 2005	Ísland 2010
Æðsta stjórnýsla	6,9	6,4	6,5	6,1	5,1	8,9
Varnarmál	1,6	1,6	1,6	0,0	0,0	0,1
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	1,7	1,8	1,9	1,5	1,5	1,4
Efnahags- og atvinnumál	2,6	3,9	4,6	6,8	5,8	7,0
Umhverfismál	0,7	0,8	0,9	0,7	0,7	0,7
Húsnæðis-, skipulags- og veitumál	1,0	1,0	1,0	0,4	0,4	2,5
Heilbrigðismál	6,2	6,8	7,7	8,0	8,1	7,9
Menningar-, íþrótt- og trúmál	1,0	1,1	1,2	3,2	3,4	3,7
Menntamál	4,9	5,2	5,5	7,5	8,4	8,3
Almannatryggingar og velferðarmál	18,1	18,5	20,2	7,7	9,1	11,2
Heildarútgjöld hins opinbera	44,9	47,1	51,0	41,9	42,3	51,5

Heimild: http://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=gov_a_exp&lang=en

Einfaldur samanburður á helstu útgjaldaliðum leiðir okkur fyrir sjónir hvar skóinn kreppir. Þá ber að hafa í huga að Ísland heldur ekki úti herafila og að lífeyriskerfi okkar er byggt á sparnaði í mun ríkari mæli en hjá flestum grannþjóðum. Engin rök standa hinsvegar til þess að aðrir útgjaldaliðir séu hærrí á Íslandi en í grannlöndunum. Meðfylgjandi tafla sýnir útgjöld hins opinbera á Íslandi samanborið við lönd Vestur-Evrópu sem hlutfall af landsframleiðslu. Löndin sem talin eru með í samanburðarhópnum EU 15 eru Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn, Svíþjóð og Þýskaland.

Taflan sýnir glöggst hvernig æðsta stjórnýsla á Íslandi hefur títnað út, en þessi liður inniheldur m.a. ráðuneyti, utanríkisþjónustu, þróunaraðstoð og þingið. Framleiðslustyrkir eru einnig þungur útgjaldaliður á Íslandi samanborið við Evrópu, en þessi liður fellur undir fyrirsögnina „Efnahags- og atvinnumál“. Þá er Ísland að setja umtalsvert meiri fjármuni í menntun en ríki Vestur Evrópu, en eins og kunnugt er eru áhöld um það hvort við séum að ná samsvarandi árangri fyrir þessa fjármuni.

Verkefni okkar á næstu árum er að ná þeim tókum á opinberum útgjöldum að við stöndumst samanburð við Vestur Evrópu. Innleiðing fjárhagsreglu og styrkari tók á fjárreiðum ríkisins eins og lýst er hér að ofan er fyrsta skrefið til þeirrar framtíðarsýnar.